


BÚNAÐARFÉLAG ÍSLANDS

BÆNDAHÖLLINN
PÓSTHÓLF 7080
SÍMI 19200



REYKJAVÍK, 13. mars 1989

Alþingi

Menntamálaneftnd
neðri deilar Alþingis
Alþingi
150 Reykjavík

Erindi nr. þ III /396

komudagur 15/3 1989

Eftirfarandi ályktun Búnaðarþings 1989 um friðun hreindyra sendist yður hér með að ákvörðun stjárnar Búnaðarfélags Íslands.

"Búnaðarþing mælir með samþykkt Frumvarps til laga um friðun hreindyra og eftirlits með þeim, með eftirfarandi breytingum:

2. grein

Landbúnaðarráðuneytið hefur yfirumajón þeirra mæla, sem lög þessi taka til.

3. gein

Við embætti Veiðistjóra verði skipaður umsjónarmaður með liiffrædimenntun eða sambærilega menntun til þessa að hafa efirlit með friðun og veiði hreindyra eftir því sem fyrir er mælt í lögum þessum.

4. grein

Önnur málsgrein orðist svo: Búnaðarsamband Austurlands 2, Búnaðarsamband Austur-Skaftafelissyslu 1, Náttúruverndarsamtök Austurlands 1, Náttúruverndarráð 1.

Nefndarmenn skulu allir vera búsettir á Austurlandi.

5. grein

Fyrsta málsgrein orðist svo:

Landbúnaðarráðuneytið rædur að fengnum tillögum sveitastjórna og umsjónarmanns, eftirlitsmann i hverju sveitarfélagi þar sem hreindyr ganga.

8. grein

Þridja málsgrein falli niður.

I 4. málsgrein þar sem segir: "Tekjum af sölu veiðileyfa, sem hreindyraneftnd úthlutar, skal varð til að standa undir kostnaði við framkvæmd laganna", falli niður.

Varðandi greinargerð með 7. grein frumvarpsins tekur Búnaðarþing fram eftirfarandi: Því aðeins er fallist á sjónarmið greinargerðar um skilnað veiðiréttar frá landeign að átt sé við að hann sé bundinn við þann tíma, sem friðunarlög eru í gildi, en veiðiréttur endurheimtist ef þau falla niður. Því er mótmælt, að lögskipuð friðun geti myndað hefð eins og hér er rætt um.

G R E I N A R G E R D I


Rökstuðningur við breytingartillögur:

2. grein. Hér er lagt til að landbúnaðarráðuneytið taki við yfirumsjón með þessum málaflokki. Búnaðarþing hefur áður ítrekað ályktuð á þá leið. Nánast mun hafa verið tilvilkjun á sinum tíma að menntamálaráðuneytið tók hreindyrin í sina umsjá. Hreindyrastofninn er haldinn þvert á allan eignarétt, í heimalöndum og afréttum hænda. Því er eðlilegt að líta á nytjar hans sem hlunnindi bújarða bar sem veiði er von, ef ekki koma til þessi friðunarlög. Slik mállefni falla eftir eðli sinu undir landbúnað.
3. grein. Eðlilegt er að veiðistjóraembættið fari með mál af þessu tagi, með góðri semvinnu við Náttúrufræðistofnun um rannsóknarþáttinn. Sú stofnun mun starfa fyrst og fremst að grunnrannsóknum en veiðistjóri fæst við skyld verkefni og hér um ráðir. Það embætti heyrir undir landbúnaðarráðuneytið. Í lögum um eyðingu refa og minka er gert ráð fyrir að fela megi "veiðistjóra vernd og yfirumsjón hreindyrastofnsins".
4. grein. Búnaðarþing er sammála þeirri stefnu frumvarpsins að hreindyraneftnd skipi menn sem heima eiga í Austurlandskjördæmi. Hér er lagt til að þeir séu fremur valdir af búnadarsamböndum þeim sem bar starfa, en sveitarfélögum, þar eð eðlilegra virðist að sveitafólk, sem mest þarf að húa við návist dyranna, hafi hér áhrif, fremur en þétthylisbúar, sem miklu verða ráðandi í samstarfi sveitarfélaga. Náttúruverndarmenn á Austurlandi munu vantanlega veljast í nefndina hvort heldur tilnefnt er af Náttúruverndarráðinu eða félagsskap þeirra sjálfrar. Ekki verður með neinu móti séð að Skotveiðifélag Íslands sé eðlilegur aðili að þessu málí.
5. grein. Sjá athugasemd við 2. grein að því er varðar tilgreint ráðuneyti.
Þá þykir rétt að sveitarstjórnir hafi händ i begga um val eftirlitsmanna.
8. grein. Lagt er til að 3. málsgrein falli niður, en í henni er gert ráð fyrir gjaldtökum af veiðileyfum og fellendum dyrum.
Með lögum þessum er ákveðið að hreindyrastofninn sé friðaður og aðeins fargað úr honum skipulega eftir því sem þörf krefur hverju sinni til að viðhaldar tilætluðu jafnvægi. Þjóðin vill ekki missa þessa hugbækku dyrategund úr landinu. Viðhald hennar kostar það hinsvegar að hún verður sett ofan á eigendur og ábúendur heimalanda og afréttu í vissum landshluta. Með lögum eru gerðar ráðstafanir til að skipta veiðihlut milli sveitarfélaga eftir því

sem þau standa undir stofninum með heit í högum sinum, sá beztu manna yfirsyn. Verður að telja það réttláta lausn. En fráleit krafa er það og er algerlega mótmælt, sá menn eigi að kaupa veiðileyfi í sinum eigin ländum í ofanálag á það sá halda stofninum uppi."

Þess er v恩st að bér kynnið yður ályktun þessa og styðjið sjónarmið Búnaðarþings í þessu efni.

Virðingarfyllst


Jónas Þórmann

JJ/ák

Alyktunin send:

Menntamálaráðherra
Landbúnaðarráðherra
Menntamálaneftnd efri d. Alþingis
Menntamálaneftnd neðri d. Alþingis
Landbúnaðarneftnd efri d. Alþingis
Landbúnaðarneftnd neðri d. Alþingsi